

Leiðbeiningar eftir aðgerð- Brjóstastækkun

1. Skurðir þínir hafa umbúðir í tveimur lögum. Næst húðinni eru þunnir plástrar („skurðlæknateip“) og utaná er umbúðapúði sem tekur við þeim fáu blóðdropum sem sjást á fyrsta sólarhring eftir aðgerð. Eftir 2-3 daga má taka burt ytri umbúðirnar, en þær innri (teipið) á að sitja á sínum stað fram að endurkomutímanum sem búið er að bóka.
2. Teipið þolir vatn, svo á þriðja degi skaltu fara í sturtu eftir að hafa fjarlægt umbúðapúðana (ytri umbúðirnar). Góð sturta fækkar bakteríum á húðinni, og minnkar því líkur á sýkingu. Eftir sturtuna geturðu þurrkað teipið með hárþurrku. Það er misskilningur að ekki megi koma vatn á nýja skurði. Íslenskt vatn og fljótandi sápa gera ekkert nema gagn til að hindra sýkingu. Eftir þetta skaltu fara aftur í brjóstahaldarann.
3. Brjóstahaldarinn sem við mælum með eftir aðgerð er *Marena B2* sem fæst hjá Fastus, Höfðabakka 7, 110 Reykjavík (www.fastus.is). Hann er gerður fyrir konur sem eru nýkomnar úr brjóstaaðgerð, heldur vel við og er þægilegur fyrir flestar konur.
4. Þú skalt vera í brjóstahaldaranum allan sólarhringinn fyrstu fjórar vikurnar, og að degi til næstu fjórar. Eftir þetta tímabil geturðu gert eins og þú vilt. Ágætt er að eiga tvo brjóstahaldara, svo auðvelt sé að þvo þá.
5. Farðu varlega með þig vikurnar eftir aðgerð. Þú skalt vera á fótum, en forðast alla líkamlega áreynslu fyrr en allt er gróið og bólgan hefur sest. Tvisvar á dag skaltu gera þær æfingar sem þú færð á meðfylgjandi blaði.
6. Endurkomutíminn til Andra er bókaður eftir ca. viku. Í honum athugum við hvort gróandinn í skurðunum sé eðlilegur og gætum að sýkingareinkennum. Ekki er ráðlegt að sleppa þessum tíma, sama þó allir saumar séu undir húðinni.
7. Ef skyndilega tekur að vessa úr einhverjum skurði, það myndast roði og verkur, ef annað brjostið bólgnar mikið eða þú færð hita skaltu hafa samband við Andra. Fremur auðvelt er að greina mögulega sýkingu gegnum síma (ljósmyndir / video). Ef þörf krefur, kallar Andri þig til skoðunar á stofu og ávísar sýklalyfjum. Þér verður svo fylgt eftir þar til sýkingin er horfin. Vinsamlegast athugið að sýklalyf eru aldrei gefin fyrirbyggjandi, það eykur bara líkurnar á að rækta fram ónæmar bakteríur.
8. Ef í nauðirnar rekur má senda SMS eða hringja beint í Andra: 853 5403
9. Mundu að endanlegur árangur aðgerðarinnar kemur ekki í ljós fyrr en að minnsta kosti 6 mánuðir hafa liðið frá aðgerðardegi.

Marena B2 aðgerðarhaldari

Vörunúmer: MAREB2-4648-H

